



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 2. júní 2023

Fyrirkomulag á greiðslu ferðapáttökugjalds árin 2023-2028

Ágætu félagar,

Staðfest hefur verið fyrirkomulag á greiðslu ferðapáttökugjalds fyrir árin 2023-2028 í samræmi við nýja reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald árin 2023-2028. Ferðapáttökugjald er reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla og 5. deild karla. Ferðapáttökugjaldið er reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs.

Úr reglugerð KSÍ um ferðapáttökugjald 2023-2028:

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks skulu greiða ferðapáttökugjald skv. reglugerð þessari. Reglugerðinni er ætlað að stuðla að auknum jöfnuði félaga gagnvart ferðakostnaði.

Ferðapáttökugjald skal reiknað af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils skv. vegalengd milli leikstaða fyrir efstu deildir karla og kvenna, 1. deild karla og kvenna, 2. deild karla og kvenna, 3. deild karla, 4. deild karla og 5. deild karla. Ferðapáttökugjaldið skal reiknað út sameiginlega fyrir allar deildir (karla og kvenna) við útreikning kostnaðar hvers liðs. Við útreikninga skal miða við kílómetragjald sem stjórn KSÍ ákveður fyrir keppnislið í heild sinni. Vegalengdir milli keppnisstaða eru reiknaðar miðað við akstur milli leikstaða samkvæmt uppgefnum fjarlægðum á vef Vegagerðarinnar.

Viðmiðunargjaldið fyrir **árið 2023 er 300 kr. pr. kílómetra.**

Ferðapáttökugjald hvers aðildarfélags, sem greiðist til KSÍ, er kr. 160.000,-. Nettókostnaður hvers aðildarfélags umfram kr. 160.000,- verður greiddur af KSÍ til aðildarfélaga.

Almennur gjalddagi samkvæmt reglugerðinni, vegna greiðslu á ferðapáttökugjaldi, skal vera 15. maí ár hvert. Greiði félag ekki ferðapáttökugjald innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000,- pr. dag frá 17. maí til greiðsludags. Félag sem eignast inneign skulu fá hana greidda skv. útreikningi mótanefndar og er gjalddagi þeirra greiðslna eigi síðar en 1. júní og 1. nóvember ár hvert.

Árið 2023 skal miðað við að ferðapáttökugjald skuli greitt eigi síðar en 16. júní. Greiði félag ekki ferðapáttökugjald innan tilsettra tímamarka skal það greiða sekt til KSÍ kr. 5.000,- pr. dag frá 19. júní nk. til greiðsludags.

Þau félag sem eignast inneign vegna ferðapáttökugjalds í samræmi við útreikning á ferðapáttökugjaldi fyrir árið 2023 munu fá inneign greidda frá KSÍ.

Útreikningur á ferðapáttökugjaldi fylgir þessu dreifibréfi.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við Bryndísi Einarsdóttur (bryndis@ksi.is) eða Birki Sveinsson (birkir@ksi.is).

Haukur Hinriksson

Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.